

40
4. júní

L Ö G

um

sölu á kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Leyning í Siglufirði með þeim gögnum og gæðum, er þeirri jörð fylgja.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

41
4. júní

VEGALÖG.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

FYRSTI KAFLI.

Um flokkun vega.

1. gr.

Vegir á Íslandi eru þjóðvegir, fjallvegir, sýsluvegir og hreppsvegir.